SAMÞYKKT Í SKIPULAGSNEFND
BYGGINGARFULLTRÚINN Í VESTMANNAEYJUM
20 JÚNI 2002

Breyting	Dags.	Teiknað	Lýsing
A			
B			
C			



Lykilmynd

Byggingalýsing - Brunavarnir

Brunasamstæður
Hver hæð í hverju húsi fyrir sig er sér brunasamstæða.
Hús A, 2. hæð er rúmir 1000 m², ekki er gert ráð fyrir skiptingu. Hér er litið á Hús A sem einnar hæðar hús, enda engin tengin á milli 1. og 2. hæðar.
Skv. reglugerð má brunasamstæða sem inniheldur kennsludeild í einnar hæðar húsi vera 1200 m².
Hús B og C eru undir viðmiðunarreglum byggingareglugerðar. Hús D verður einnig undir viðmiðunarreglum, um 700 m².
Hús E, 2. hæð verður um 1000 m², ekki er gert ráð fyrir skiptingu. Hér er litið á Hús E sem einnar hæðar hús, enda engin tengin á milli 1. og 2. hæðar.
Brunasamstæður skulu vera með a.m.k. R-EI90 veggjum og EI-CS60 hurðum. Við snyrtingu syðst í Húsi A á 2. hæð er undanteikning frá þessu, þar er um að ræða gifsvegg og verður hann A-EI90.
Brunahólfun
Kennslustofur skulu vera sér brunahólf, aðskilin frá gangi með a.m.k. EI60 veggjum og EI-CS30 hurðum. Kennslustofur í eldri húsum (A, B og C) eru flestar með steyptum veggjum á milli stofa, EI60 veggjum fram á gang og EI-30 hurðum.
Gangar skulu vera sér brunahólf. Stigahús eru sér brunahólf með a.m.k. A-EI60 veggjum og E-CS30 hurðum. Við endurnýjun og viðhald skulu brunahólfandi hurðir vera a.m. EI-CS30.
Burðarþol
Burðarvirki er a.m.k. R60.
Klæðningar
Allar klæðningar skulu vera í flokki 1.
Klæðningar í sumum eldri áföngum eru að hluta í flokki 2. Klæðningar skulu settar í flokk 1 við endurnýjun.
Flóttaleiðir
Frá göngum eru tvær óháðar flóttaleiðir. Frá stærri smíðastofu eru tvær óháðar flóttaleiðir. Frá minni smíðastofu (málmsmíði) og raungreinastofum er eingöngu ein flóttaleið. Hvergi er lengra en 25 metrar í útgang.
Björgunarop eru á öllum skólastofum, þau eru öll topphengd vegna veðuraðstæðna. Í eldri áföngum, A, B og C, nær breidd opa ekki 600 mm.
Brunaviðvörunarkerfi
Fullgilt brunaviðvörunarkerfi skv. reglum Brunamálastofnunar skal vera í öllum skólanum. Kerfið skal tengjast viðurkenndri vaktþjónustu.
Loftræstikerfi
Loftræstikerfi skal almennt vera með bruna- og reyklokum þar sem það fer á milli brunahólfa. Loftræsiklefar skulu vera sér brunahólf með EI-60 veggjum og EI-S30 hurðum.
Í eldri byggingum, A, B og C eru ekki bruna- og reyklokanir á milli hólfa.
Einnig er þéttingu hurða ábótavant.
Sjá niðurstöðu.
Reyklosun
Ekki er gert ráð fyrir reyklosun í skólanum.
Slöngukefli og slökkvitæki
Í öllum brunasamstæðum eru slöngukefli sem eiga að ná út í öll horn.
Handslökkvitæki skulu vera við slöngukefli.
Út- og neyðarlýsing
Í öllum skólanum skal vera út- og neyðarlýsing skv. byggingareglugerð og ÍSTEN1838.

Niðurstaða
Gera skal tímasetta áætlun um endurbætur.

Unnið skv. samningi um höfundarrétt við Guðmund Þór Pálsson arkitekt faí.

Hallur Kristvinsson ehf Innanhússarkitektar faí
Klapparstíg 16 ■ 101 Reykjavík
Sími / bréfsi.: ■ 552 5668
Netfang: hallur@ark.is

Hamarsskóli Vestmannaeyjum

Aðaluppdráttur

Yfirlitsmynd

1. hæð

Verkkaupi	Vestmannaeyjabær
Verknúmer	302.1
Hannað / teiknað	hk, ah
Mkv.	1:200
Dags.	30.04.02

302.1 (99)1.02

Verknr. Teikninga nr. Breyting nr.